

Fyrirspurn

til utanríkisráðherra um aðild Íslands að kjarnavopnalausum svæði á Norðurlöndum.

Frá Andrésí Inga Jónssyni.

1. Hvaða áhrif hafa skuldbindingar Íslands gagnvart NATO á möguleika landsins til að verða hluti af kjarnavopnalausum svæði á Norðurlöndum?
2. Gætu einhverjar skuldbindingar Íslands gagnvart NATO hindrað að Ísland verði hluti af kjarnavopnalausum svæði á Norðurlöndum? Ef svo er, hverjar eru þær skuldbindingar?
3. Hvert er álit ráðherra á þeirri skoðun að Ísland geti ekki orðið hluti af kjarnavopnalausum svæði á Norðurlöndum vegna hernaðartengsla Íslands við Bandaríkin?
4. Er afstaða ráðherra í þessum atriðum sú sama og fram kom í svari við sambærilegri fyrirspurn á 104. löggjafarþingi (338. mál)? Ef ekki, er þess óskað að ráðherra geri grein fyrir því hvað valdi breyttri afstöðu stjórnvalda.

Skriflegt svar óskast.